



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGODINN

## Gleðilega páska

### Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- ABC
- Akstur kringum skóla
- Upplestrarkeppni
- “fyrir fátæk börn”
- Ljóðasíða
- Laugarvatn
- Laugar
- Úlfjótuvatn
- Úr 1. bekk
- Gulur dagur

Kæru nemendur / forráðamenn

Á dögunum blésum við til menningardaga með glæsibrag hér í Áslandsskóla. Sýningar á sviði ásamt því sem stofur voru opnar og verk nemenda þar til sýnis. Þá voru gangar skólans vel skreyttir. Sameiginlegt myndverk nemenda í 5. bekk var einnig sett upp við hlið bókasafns skólans.

Þá var Café Ásland auðvitað opið og þéttsetið en undanfarin ár hefur þar allt selst upp og aðsókn verið framar vonum.

Samskipti skólans við aðra í skólasamfélaginu í Áslandi eru nær alltaf til fyrirmyndar.

Forráðamenn þurfa að leita til skólans með ýmiss málefni og setja mál sín yfirleitt fram með kurteisum og ábyrgum hætti.

Þó eru sumir mættu setja sig betur í spor annarra áður en þeir ausa úr reiðiskálum.

Þá er einnig mikilvægt að forráðamenn reyni af fremsta megni að fylgjast vel með lykildagsetningum t.d. varðandi skráningar í eitt og annað.

Að lokinni þessari viku tekur við páskaleyfi. **Nemendur mæta aftur til starfa miðvikudaginn 11. apríl skv. stundaskrá.**

Þegar nemendur snúa aftur til starfa er ekki langur tími til vors og því mikilvægt að allir mæti með rétt hugarfar, vilja og metnað til árangurs.

Starfsfólk Áslandsskóla vill senda öllum í skólasamfélaginu sínar bestu óskir um ánægjulegt páskaleyfi og vonum að nemendur komi endurnærðir til starfa að leyfi loknu.

Eitt típískt páskaeggjaspakmæli fylgir með í lokin: **Sittu ekki á árangri þínum, hann verður svo krumpaður.**

*Hugsa um það helst og fremst,  
sem heiðurinn má næra;  
aldrei sá til æru kemst.  
sem ekkert gott vill læra.*

**Áfram Áslandsskóli**

**Leifur S. Garðarsson**

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is))

**Kennsla hefst að nýju að loknu páskaleyfi miðvikudaginn 11. apríl**

**SAMVINNA**

**ÁBYRGÐ**

**TILLITSSEMI**

**TRAUST**

## ABC

### Heimili litlu ljósanna

Afrakstur kaffihúss nemenda í 10. bekk fer að hluta til í ferðasjóð nemenda en einnig til styrktar hjálparstarfi ABC á Indlandi. Þar styrkjum við heimili litlu ljósanna og eru aurarnir sem við söfnum nýttir til að rækta vatnabuffalóa en þeir gefa af sér mjólk svo allir megi nærast.

Hér að neðan má sjá mynd af einum slíkum.



### “fyrir fátæk börn”

Nemendur í 1. bekk héldu tómbólu á menningar-dögum til styrktar heimila litlu ljósanna á Indlandi. Hver miði kostaði 50 krónur.

Það kom fljótlega í ljós að í 1. bekk vantar ekki sannfæringarkraftinn.

Maður nokkur rétti fram 500 krónur og bað um tvo miða. Nemandi tók við aurunum og rétti manninum miðana tvo. Eftir smá stund spurði maðurinn hvort hann ætti ekki að fá til baka?

Nemandinn horfði vel og lengi á manninn en sagði svo: Þetta er fyrir fátæk börn !!!!

## Akstur kringum skóla

Ábendingar hafa borist skólanum um útaf akstur við skólann.

Hér er ekki átt við að ökumenn séu að aka útaf eða utanvega heldur út af bílastæði skólans.

“Þættinum barst nefnilega bréf” þar sem bent var á að ökumenn á leið út af bílastæði skólans virði ekki umferðarreglur og “svíní” hikstalaust á bíla í nærliggjandi götum.

Aðgát í umferðinni er nauðsynleg, ekki síst í nágrenni leik- og grunnskóla.



## Upplestrarkeppnin

Bryndís Thelma Jónasdóttir og Pétur Már Gíslason, nemendur í Hnjúkaheimum og Tindaheimum, voru glæsilegir fulltrúar Áslandsskóla í Stóru-upplestrarkeppninni á dögnum. Úrslitakeppnin fór þá fram í Hafnarborg í 11. skipti.

Bæði stóðu þau sig frábærlega.

Fulltrúi úr Lækjarskóla sigraði í keppninni og sendum við þeim ánaðaróskir.

Þess má til gamans geta að Leifur S. Garðarsson skólástjóri er einn þeirra sem hafa fylgt keppninni frá upphafi en hann var kennari í 7. bekk í Öldutúnsskóla á fyrsta ári keppinnar.

# LJÓÐASÍÐA NEMENDA

## Fødselsdag

I morgun har jeg fødselsdag.  
Det er så morsomt.  
Så kommer mine veninder  
hjem til mig  
og synger fødselsdagssang!

Jeg vågner og spiser morgenmad  
så går jeg i skolen.  
Så i skolen siger alle til mig:  
til lykke  
og synger fødselsdagssang!

### Höfundur:

*Sylvía Lind Jóhannesdóttir*  
7.AÓ Hnjúkaheimum



## Ljóð um vin

### Ljóð um vin

Að vera vinur  
er að treysta  
ekki kreysta sambandið  
vera góður  
þá ertu fróður.  
girðing er smá virðing  
friður og ró hó hó hó hó

### Höfundur

*Daníel Guðmundur úr Tunglheimum*

## Jeg ønsker mig

Jeg ønsker mig  
penge mange.  
Jeg elsker meget  
fødselsdagssange.  
Jeg ønsker mig  
fiskestange  
og boomerange.

### Höfundur:

*Pétur Már Gíslason*  
7.HP Tindaheimum



## POTTURINN LJÓÐ

### Potturinn

Hafið er eins og risastór pottur með vatni í.  
Á botni pottsins sýður vatnið.  
Á yfirborði pottsins sigla bátar.  
Í miðju pottsins synda hvalir og fiskar.  
Yfir pottinum fljúga fuglar og steypa sér niður eftir  
loðnu.  
Undir pottinum situr eldavélin.  
Yfir pottinum svífur viftan.

### Höfundar:

*Kristjón Sindri Björnsson og Þorgeir Björnsson Fjall-  
heimum*

## Laugarvatnsferð

Nemendur í 7. bekk dvöldu í síðustu viku í skólabúðum á Laugarvatni.

Skólabúðir þessar voru settar upp af skólastjóra Áslandsskóla og staðarhöldurum á Laugarvatni fyrir 3 árum síðan. Venja er að nemendur í 7. bekk fari á Reyki í Hrótafirði en nýlegir skólar eins og okkar komast ekki þar að.

Skólabúðirnar á Laugarvatni hafa hitt skemmtilega í mark og nemendur ávallt komið himinlifandi til baka eftir dvölinu þar.

## ÚR 1. BEKK

*Einu sinni fóru amma afi til útlanda og þar sáu þau dauða beinagrind og múmíu.*

## GULUR DAGUR

Til gamans og uppbrots á skólastarfi er mælt til þess að allir nemendur og starfsmenn skólans mæti í einhverju gulu fatakyns síðasta kennsludag fyrir páska. Hvað það er verður hver og einn að finna og ákveða.

Því er ekki nauðsynlegt að mæta í skólafatnaði þennan dag.

## SKÓLABÚÐIR AÐ LAUGUM

Nemendur í 9. bekk fara í þessari viku í ungmennabúðir Ungmennafélags Íslands að Laugum í Sælingsdal.

**Í búðunum er leitast við að:**

1. efla sjálfstraust, samvinnu og tillitssemi
2. hvetja til sjálfstæðra vinnubragða
3. kynna heimavistarlíf
4. fræða um söguslóðir og aðstæður forfeðra okkar, kynna landið okkar og nánasta umhverfi
5. hvetja til þátttöku í félagsstörfum í anda UMFÍ
6. fræða um mikilvægi forvarna og vinna markvisst gegn einelti og fordómum
7. kynna ábyrga meðferð fjármuna
8. fræða um mikilvægi hollra lífnaðarháttá
9. kynna möguleika útivistar, óhefðbundnar íþróttir og mikilvægi þess að vera virkur í félagi
10. eiga saman góða daga við heilbrigð og skemmtileg viðfangsefni, í sátt, samlyndi og samvinnu við hvert annað

## ÚLFLJÓTSVATN Í 8. BEKK

Nemendur í 8. bekk fóru á dögnum í tveggja daga ferð að Úlfjótuvatni.

Það er skemmst frá því að segja að ferðin tókst framar vonum og allir stóðu sig framúrskarandi vel.

Ferðin kom nokkuð seint upp en þá opnuðust möguleikar fyrir okkur að fara á Úlfjótuvatn.



Kríúási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandsskoli@aslandsskoli.is

***www.aslandsskoli.is***

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað  
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:  
**Leifur S. Garðarsson**  
skólalastjóri